

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar

Fundur 17. ágúst 2018

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar um húsnæðismál og málefni heimilislausra

Málefni heimilislausra

1. Hversu mörg stöðugildi eru ætluð í stjórnkerfi og þjónustu Hafnarfjarðarbæjar til að sinna málefnum þess hóps sem hefur verið í umræðu fjölmiðla að undanfögnu, þ.e. heimilislausra einstaklinga?
2. Eru einhver sértæk úrræði í boði í Hafnarfirði fyrir heimilislausra, svo sem gistiskýli?
3. Eru einhver önnur sértæk úrræði í boði í Hafnarfirði fyrir heimilislausra, s.s. kaffistofur og súpueldhús?
4. Er Hafnarfjarðarbær þátttakandi eða aðili að einhverjum þjónustusamningum við þriðja aðila, s.s. félagasamtök eða önnur sveitarfélög um þjónustu við fyrrgreindan hóp?
5. Hversu mikil útgjöld eru áætluð í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar vegna úrræða og þjónustu við fyrrgreindan hóp?

Félagslegar íbúðir

1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar þyrftu þær að vera svo þær teldust jafn margar og í Reykjavík að teknu tilliti til íbúafjölda?
2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?
 - a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?
 - b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?
3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017?

Íbúðir fyrir fatlað fólk

1. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði?
 - a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?
 - b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?
2. Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?
3. Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017.

Almennar íbúðir

1. Hafa einhverjar íbúðir verið byggðar í Hafnarfirði á vegum óhagnaðardrifinna leigu- eða búseturéttarféлага sl. 4 ár?
2. Hefur Hafnarfjarðarbær nú þegar veitt einhver stofnframlög vegna íbúða hjá óhagnaðardrifnum félögum á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir?
3. Ef svar við spurningu 2 er já, vegna hversu margra íbúða eru þau stofnframlög og hver er samanlögð fjárhæð nú þegar veittra stofnframlaga?
4. Hversu margar íbúðir á vegum óhagnaðardrifinna féлага eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?
5. Hversu margar íbúðir eru á framkvæmdastigi innan Hafnarfjarðarbæjar í dag?
6. Hversu margar íbúðir voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017.

Svava Björg Mörk
fulltrúi Samfylkingarinnar í Fjölskylduráði